

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

Vikurhóp 61.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar 16. desember 2021 óverulegar breytingar á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar. Í breytingunni felst að byggingarreitur mun stækka. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svartsengi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar 21. mars 2022 óverulegar breytingar á deiliskipulagi Svartsengis. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir kæliturn við austurhlíð kæliturns OV6 er felldur út. Byggingarreitur fyrir kæliturn orkuvers 7 (OV7), við vesturhlíð núverandi kæliturns OV6, er stækkaður. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Arnarhlíð 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar 7. mars 2022 breytingar á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar. Í breytingunni felst að byggingarreitur mun stækka og formi hans verður breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Miðgarður 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar 2. maí 2022 breytingar á deiliskipulagi miðbæjar – hafnarsvæði. Í breytingunni felst stækkun á mannvirki við Miðgarð 3. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grindavíkurbæ, 10. maí 2022.

Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. maí 2022